

Nd.

1159. Nefndarálit

[48. mál]

um frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. og jafnframt rætt frv. sama efnis flutt af nokkrum þingmönnum stjórnarandstöðuflokkanna.

Nefndin hefur komist að samkomulagi um flutning þriggja breytingartillagna. Til að ná sem víðtækustu samkomulagi þingmanna um afgreiðslu málsins beitti nefndin sér fyrir því að flm. tillagnanna væru úr öllum þingflokkum, einnig þeim sem ekki eiga aðild að nefndinni. Þessar breytingartillögur eru fluttar á sérstöku þskj.

Fyrsta breytingartillagan gerir ráð fyrir að sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, teljist ekki ganga gegn lögnum. Verði þessi breytingartillaga samþykkt er viðurkennt í lagatexta að slíkar aðgerðir, sem grundvallast á sérstökum ákvörðunum, séu ekki brot á lögnum, en sumir lögfræðingar hafa haldið því fram að gildandi lög heimili slíkar aðgerðir. Með þessari breytingartillögu er ekki verið að leggja til að aðgerðum af þessu tagi sé beitt og sumir flm. tillögunnar eru á móti slíkri tímabundinni mismunum þótt fallist sé á að hún brjóti ekki í bága við lögin. Sambærilegan texta er að finna í „alþjóðasamningi um afnám alls misréttis gagnvart konum“, sem gerður var í New York 18. desember 1979, en Alþingi samþykkti nýlega heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda þann samning.

Önnur breytingartillagan fjallar um málshöfðunarrétt Jafnréttisráðs. Samkvæmt breytingartillögunni fær Jafnréttisráð heimild til málshöfðunar í *samráði* við aðila sem telur á sér brotið, en ráðið þarf ekki að reka málið í *umboði* hans eins og í stjórnarfrv. er sagt. Með þessari breytingu rýmkast málshöfðunarréttur Jafnréttisráðs, en þó verður ráðið að virða neitun viðkomandi aðila ef hann vill ekki afhenda forræði sakarefnis.

Í þriðju breytingartillögunni er fjallað um framkvæmdaáætlanir um jafnréttismál og framlagningu framvinduskýrslna á Alþingi um þau mál.

Á þessu ári lýkur kvennaáratugi S.P. Þess vegna telur félagsmálanefnd æskilegt að samstaða náist um afgreiðslu frv. á þessu þingi. Nefndarmenn hafa lagt sig fram um að ná samkomulagi þótt slíkt hafi að sjálfsögðu kostað að lagðar hafa verið til hliðar ýrtruðu óskir einstakra nefndarmanna.

Alþingi, 6. júní 1985.

Friðrik Sophusson,
form., frsm.

Jóhanna Sigurðardóttir,
fundaskr.

Stefán Valgeirsson.

Svavar Gestsson.

Halldór Blöndal.

Stefán Guðmundsson.

Eggert Haukdal.